

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 211/2007

2010/EES/32/02

frá 27. febrúar 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar fjármálaupplýsingar í lýsingum þegar um er að ræða útgefanda sem hefur að baki margþættan fjármálaferil eða hefur tekið á sig umtalsverðar fjárskuldbindingar (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvisun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga <sup>(2)</sup> eru settar fram á ítarlegan hátt þær upplýsingar sem lýsing (prospectus) verður að innihalda um mismunandi gerðir verðbréfa í því skyni að uppfylla kröfur 1. mgr. 5. gr. í þeirri tilskipun. Þessar ítarlegu upplýsingakröfur taka m.a. til fjárhagsupplýsinga, er varða útgefandann, sem verða að vera í lýsingu til að gera fjárfestum kleift að skilja fjárhagsstöðu útgefandans.
- 2) Þess eru þó dæmi að fjárhagsstaða útgefandans sé svo náteygð fjárhagsstöðu annarra eininga að óhjákvæmilegt sé að hafa fjárhagsupplýsingar er varða þessar einingar til að 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB verði uppfyllt, þ.e.a.s. til að uppfylla þá skuldbindingu að í lýsingunni komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera fjárfestinum kleift að meta, á grundvelli upplýsinga, fjárhagsstöðu útgefandans og horfur hans. Slík tilvik geta komið upp ef útgefandinn hefur að baki margþættan fjármálaferil og ef útgefandinn hefur tekið á sig umtalsverðar fjárskuldbindingar.

- 3) Til að tryggja að 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB hafi gagnleg áhrif í slíkum tilvikum og til að auka réttaröryggi í þessu tilliti, skal því koma skýrt fram að líta beri á upplýsingakröfurnar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 809/2004, í því samhengi að þær varði einnig fjárhagsupplýsingar um aðrar einingar en útgefandann, þar sem það gæti hindrað fjárfesti í að leggja mat á grundvelli upplýsinga á fjárhagsstöðu útgefandans ef þessar upplýsingar eru ekki birtar.

- 4) Í ljósi þess að lögbær yfirvöld geta ekki, skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004, farið fram á að bætt sé við upplýsingum sem ekki er kveðið skýrt á um í viðaukunum er nauðsynlegt að skýra ábyrgð lögbærra yfirvalda í þessu samhengi.

- 5) Ef útgefandi hefur að baki margþættan fjármálaferil er ekki víst að eldri fjárhagsupplýsingar sem varða hann taki til viðskiptafyrirtækis hans í heild, heldur taki fjárhagslegar upplýsingar, sem önnur eining hefur tekið saman, til þess. Líklegt er að svo sé ef útgefandi hefur ráðist í stórfellda yfirtöku sem endurspeglast ekki enn í reikningsskilum hans, ef útgefandi er nýstofnað eignarhaldsfélag, ef útgefandi er samsettur úr félögum sem lutu sameiginlegum yfirráðum eða voru í sameiginlegri eigu en mynduðu aldrei samstæðu í lagalegum skilningi eða ef útgefandi hefur verið stofnaður sem sérstakur lögaðili í kjölfar skiptingar fyrirtækis sem fyrir var. Í slíkum tilvikum hefur önnur eining rekið viðskiptafyrirtæki útgefandans, í heild eða að hluta til, á tímabilinu sem gerð er krafa um að útgefandinn veiti eldri fjárhagsupplýsingar um.

- 6) Eins og sakir standa er þó ekki hægt að leggja fram tæmandi skrá yfir tilvik þar sem líta ber svo á að útgefendur hafi að baki margþættan fjármálaferil. Líklegt má telja að fram muni koma nýjar tegundir viðskipta og nýbreytni í þeim sem myndu falla utan þeirra tilvika sem væru tilgreind í slíkri skrá. Því er rétt að gefa víðtæka skilgreiningu á kringumstæðunum þar sem fara skal með útgefanda sem hann hefði að baki margþættan fjármálaferil.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 61, 28.2.2007, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 21.2.2008, bls. 27.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1, eins og hún var leiðrétt með Stjtið. ESB L 215, 16.6.2004, bls. 3. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1787/2006 (Stjtið. ESB L 337, 5.12.2006, bls. 17).

- 7) Líta ber svo á að útgefandi hafi tekið á sig umtalsverðar fjárskuldbindingar ef hann hefur gert bindandi samning um að yfirtaka eða ráðstafa umtalsverðri einingu eða fyrirtæki sem enn er ekki að fullu frágenginn á þeim degi þegar lýsingin er samþykkt. Rétt er að um slík tilvik gildi sömu upplýsingakröfur og gilda þegar útgefandi hefur þegar gengið frá yfirtöku eða ráðstöfun, að því tilskildu að umsamin viðskipti myndu, þegar frá þeim hefur verið gengið, leiða til umtalsverðrar brúttóbreytingar á eignum, skuldum og tekjum útgefandans.
- 8) Þar eð tilvik þar sem útgefandi hefur að baki margþættan fjármálaferil eða hefur tekið á sig umtalsverða fjárskuldbindingu eru ekki dæmigerð og geta í raun verið einstök er ekki gerlegt að tilgreina upplýsingarnar, sem eru nauðsynlegar til að uppfylla kröfurnar sem eru tilgreindar í tilskipun 2003/71/EB í öllum hugsanlegum tilvikum. Til samræmis við það skulu viðbótarupplýsingarnar, sem gera á kröfu um, vera þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í hverju tilviki fyrir sig til að tryggja að lýsingin uppfylli skylduna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB. Því er rétt að lögbært yfirvald útgefandans ákvarði í hverju tilviki fyrir sig hvaða upplýsinga skuli krafist (ef um það er að ræða). Það að lögbæru yfirvaldi sé heimilt að fara fram á slíkar viðbótarupplýsingar skal ekki hafa í för með sér að lögbæra yfirvaldinu sé skylt að láta fara fram nákvæmari athugun á þeim upplýsingum eða á lýsingunni almennt en leiða má af 13. gr. tilskipunar 2003/71/EB.
- 9) Þar eð aðstæður í hverju einstöku tilviki eru flóknar er hvorki raunhæft né skilvirkt að tilgreina nákvæmar reglur sem lögbær yfirvöld eiga að beita á samræmdan hátt í öllum tilvikum. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir sveigjanlegri tilhögun til að tryggja annars vegar að birtingarskyldan sé skilvirk og hófleg og hins vegar að fjárfestirinn fái nægar og viðeigandi upplýsingar til að njóta fullnægjandi verndar.
- 10) Ekki skal farið fram á viðbótarfjárhagsupplýsingar í tilvikum þar sem líklegt er að fjárhagsupplýsingar sem eru lagðar fram í endurskoðuðum samstæðureikningsskilum útgefandans sjálfs, í öllum bráðabirgðaupplýsingum, eða öllum fjárhagsupplýsingum sem eru teknar eru saman úr samrunareikningsskilum (þegar það er heimilað samkvæmt gildandi reikningsskilastöðlum), séu nægilegar til að gera fjárfestum kleift að meta, á grundvelli upplýsinga, eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, hagnað og tap og rekstrarhorfur útgefandans og ábyrgðaraðila hans, ef einhver er, og réttindi sem verðbréfunum fylgja.
- 11) Rétt þykir, í ljósi þess að þörfin fyrir frekari upplýsingar getur aðeins komið upp ef lýsingin á við um hlutabréf eða önnur verðbréf sem veita rétt á hlutabréfum, að þegar lögbær yfirvöld ákvarða hvort slík þörf hefur komið upp í einstöku tilviki byggja þau rannsókn sína á kröfunum sem mælt er fyrir um í lið 20.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar innihald fjárhagsupplýsinga og gildandi reikningsskila- og endurskoðunarmeginreglur. Lögbært yfirvald skal ekki setja fram kröfur sem ganga lengra en kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 20.1 í I. viðauka eða gera þær meira íþyngjandi. Þó ætti að vera mögulegt að aðlaga beitingu þessara krafna í ljósi einkenna hvers einstaks tilviks að því er varðar sérstakt eðli verðbréfanna, efnahagslegt inntak viðskiptanna þegar útgefandi eignaðist viðskiptafyrirtæki sitt, sérstakt eðli þess fyrirtækis og magn upplýsinganna sem þegar er í lýsingunni.
- 12) Þegar lögbær yfirvöld ákvarða þetta skulu þau hafa hliðsjón af meðalhófsreglunni. Í tilvikum þar sem fleiri en ein leið er til að uppfylla skylduna sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB með birtingu viðbótarfjárhagsupplýsinga af ólíkum toga eða með því að leggja upplýsingarnar fram með mismunandi sniði skal lögbært yfirvald ekki gera þá kröfu að útgefandinn uppfylli skylduna þannig að það valdi honum meiri fjárútlátum eða sé meira íþyngjandi en önnur fullnægjandi aðferð.
- 13) Lögbær yfirvöld skulu enn fremur taka tillit til þess hvort útgefandi hefur aðgang að fjárhagsupplýsingum sem varða aðra einingu: það væri ekki hóflegt að gera kröfu um að slíkar upplýsingar fylgi með ef útgefandinn getur ekki aflað þeirra upplýsinga án þess að leggja meira á sig en eðlilegt má teljast. Líklegt er að þetta sjónarmið eigi einkum við ef um er að ræða fjandsamlega yfirtöku. Á sama hátt er ekki hóflegt að gera kröfu um að fjárhagsupplýsingar fylgi, sem eru ekki til þegar lýsingin er gerð, eða gera kröfu um að viðbótarfjárhagsupplýsingar séu endurskoðaðar eða endurgerðar ef kostnaður útgefandans við að fara að kröfunum vegur þyngra en allur hugsanlegur ávinningur fjárfestisins.
- 14) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 809/2004 til samræmis við þetta.
- 15) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um tæknilega ráðgjöf,

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 809/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í annarri málsgrein 3. gr. komi eftirfarandi í stað annars málsliðar:

„Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. a skal lögbært yfirvald ekki fara fram á að í lýsingunni komi fram upplýsingaliðir sem ekki er að finna í I.–XVII. viðauka.“

2. Eftirfarandi 4. gr. a bætist við:

„4. gr. a

**Áætlun yfir útgáfu á hlutabréfum þegar um er að ræða margþættan fjármálaferil eða umtalsverðar fjárskuldbindingar**

1. Ef útgefandi verðbréfs, sem fellur undir 2. mgr. 4. gr., hefur að baki margþættan fjármálaferil eða hefur tekið á sig umtalsverðar fjárskuldbindingar og nauðsynlegt reynist vegna þessa að fella tiltekna liði fjárhagsupplýsinga, sem varða aðra einingu en útgefanda, inn í lýsingu á útgefanda til að uppfylla skylduna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. í tilskipun 2003/71/EB skal litið svo á að þessir liðir fjárhagsupplýsinga varði útgefandann. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal í slíkum tilvikum fara fram á að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir að skrá verðbréf á skipulegan markað felli þessa upplýsingaliði inn í útgáfulýsinguna.

Meðal þessara fjárhagsupplýsingaliða geta verið bráðabirgðaupplýsingar, sem teknar eru saman í samræmi við II. viðauka. Ef útgefandinn hefur, í þessu samhengi, tekið á sig umtalsverðar fjárskuldbindingar skulu slíkar bráðabirgðaupplýsingar sýna fyrirhuguð áhrif viðskiptanna, sem útgefandinn hefur samþykkt að skuldbinda sig til, og ber að skilja vísanir í „viðskiptin“ í II. viðauka í samræmi við það.

2. Lögbært yfirvald skal byggja allar óskir skv. 1. mgr. á kröfunum sem eru settar fram í lið 20.1 í I. viðauka að því

er varðar innihald fjárhagsupplýsinga og gildandi reikningsskila- og endurskoðunarmeginreglur, með fyrirvara um allar breytingar sem eru viðeigandi í ljósi einhvers eftirfarandi þátta:

a) eðlis verðbréfanna,

b) eðlis og magns upplýsinga sem þegar er að finna í lýsingunni og þess að fyrir hendi eru fjárhagsupplýsingar sem varða aðra einingu en útgefandann á formi sem fella má inn í lýsingu án breytingar,

c) staðreynda málsins, þ.m.t. efnahagslegt inntak viðskiptanna þegar útgefandi eignaðist eða ráðstafaði viðskiptafyrirtæki sínu eða hluta þess og sérstakt eðli þess fyrirtækis,

d) getu útgefandans til að afla fjárhagsupplýsinga sem varða aðra einingu án þess að leggja meira á sig en eðlilegt má teljast.

Ef uppfylla má, í því tilviki, skylduna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, á fleiri en eina vega, skal sú leið hafa forgang sem kostar minnst fjárútlát eða er minnst íþyngjandi.

3. Ákvæði 1. mgr. eru með fyrirvara um ábyrgð allra annarra aðila samkvæmt landslögum, þ.m.t. aðilarnir sem vísað er til í 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 2003/71/EB að því er varðar upplýsingarnar í lýsingunni. Þessir aðilar skulu einkum vera ábyrgir fyrir því að í lýsingu á útgefanda séu allir upplýsingaliðir sem lögbært yfirvald fer fram á skv. 1. mgr.

4. Að því er varðar ákvæði 1. mgr. skal litið á útgefanda eins og hann hafi að baki margþættan fjármálaferil ef öll eftirtalin skilyrði gilda:

a) eldri fjárhagsupplýsingar, sem gerð er krafa um að útgefandi veiti skv. lið 20.1 í I. viðauka, gefa ekki nákvæma mynd af viðskiptafyrirtæki útgefandans í heild á þeim tíma þegar lýsingin er gerð,

b) Þessi ónákvæmni hefur áhrif á getu fjárfestis til mats á grundvelli upplýsinga eins og kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, og

c) upplýsingar sem varða viðskiptafyrirtæki útgefandans og eru fjárfesti nauðsynlegar til að hann geti gert slíkt mat koma fram í fjárhagsupplýsingum sem varða aðra einingu.

5. Að því er varðar ákvæði 1. mgr. skal litið á útgefanda eins og hann hafi tekið á sig umtalsverðar fjárskuldbindingar ef hann hefur gert bindandi samning um viðskipti sem líklegt er að leiði til umtalsverðrar brúttóbreytingar þegar þeim er lokið.

Sú staðreynd að samningur geri lok viðskiptanna háð skilyrðum, þ.m.t. samþykki eftirlitsyfirvalda, kemur í þessu samhengi ekki í veg fyrir að litið sé á samninginn sem bindandi ef nokkuð víst þykir að þessi skilyrði verði uppfyllt.

Einkum skal litið á samning sem bindandi ef lok viðskiptanna eru háð niðurstöðum verðbréfaútboðsins sem er efni lýsingarinnar eða, þegar um er að ræða fyrirhugaða yfirtöku, ef markmið verðbréfaútboðsins, sem er efni lýsingarinnar, er að fjármagna þá yfirtöku.

6. Að því er varðar 5. mgr. þessarar greinar og lið 20.2 í I. viðauka þýðir umtalsverð brúttóbreyting frávik á stöðu

útgefanda sem er meiri en 25% miðað við einn eða fleiri mælikvarða um umfang starfsemi útgefanda.“

3. Í fyrstu málsgrein liðar 20.1 í I. viðauka og í liðum 20.1 og 20.1a í X. viðauka bætist eftirfarandi málslíður við í hverju tilviki á eftir fyrsta málslíðu:

„Ef útgefandinn hefur breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu, sem gerð er krafa um eldri fjárhagsupplýsingar um, skulu endurskoðaðar eldri upplýsingar ná til a.m.k. 36 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur stundað rekstur, hvort heldur er styttra.“

4. Í fyrstu málsgrein í lið 13.1 í IV. viðauka, liðum 8.2 og 8.2a í VII. viðauka, lið 11.1 í IX. viðauka og lið 11.1 í XI. viðauka bætist eftirfarandi málslíður við í hverju tilviki á eftir fyrsta málslíðu:

„Ef útgefandinn hefur breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu, sem gerð er krafa um eldri fjárhagsupplýsingar um, skulu endurskoðaðar eldri upplýsingar ná til a.m.k. 24 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur stundað rekstur, hvort heldur er styttra.“

2. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Charlie McCREEVY

*framkvæmdastjóri.*